



AÐALSKIPULAG RANGÁRÞINGS YTRA 2016-2028

Vaðfitjanáma – Nýtt efnistökusvæði

30.04.2025

Br. 28.11.2025





SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárbings ytra þann 10.12.2025



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 9.2.2026



SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 14.04.2025 með athugasemdafresti til: 30.04.2025.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____.

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____.

AÐALSKIPULAGSBREYTING

SKJALALYKILL

112215-GRG-001-V04

HÖFUNDUR

MS

RÝNT

ÁJ/BRE

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1	Staðhættir	4
2.2	Náttúruvá	5
2.3	Fornminjar	5
3	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	6
3.1	Landsskipulagsstefna 2024-2038	6
3.2	Orkustefna til ársins 2025	6
3.3	Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028	6
3.4	Vatnaáætlun 2022-2027	9
3.5	Þjóðlenda	10
3.6	Fornminjar	10
4	AÐALSKIPULAGSBREYTING	10
4.1	Breyting á uppdrætti	11
4.2	Breyting á greinargerð	11
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	12
5.1	Tengsl við aðrar áætlanir	12
5.2	Umhverfispættir og áherslur	12
5.3	Valkostir	14
5.4	Mat á umhverfisáhrifum	14
5.4.1	Niðurstaða	15
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	16
6.1	Umsagnaraðilar	16
6.2	Skipulagsferli	16

1 INNGANGUR

Sveitarfélagið stendur að breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Með þessari breytingu er gert ráð fyrir nýju 11 ha efnistökusvæði, þar sem gert er ráð fyrir allt að 80.000 m³ efnistöku. Svæðið innan Þjóðlendu, Landmannaafréttar (L229508) og skilgreindrar iðnaðarlóðar, Vaðalda vindorkuver L238022. Samhliða verður afmörkun og stærð iðnaðarlóðar leiðrétt í samræmi við nýtt efnistökusvæði og samþykkt merkjalýsingu lóðar.

Í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, liður 2.02 í 1. viðauka eru framkvæmdirnar, sem fyrirhuguð skipulagsbreyting mun taka til, tilkynningaskyldar. Fyrirspurn um matsskyldu verður unnin og send til Skipulagsstofnunar.

1.1 Skipulagsgögn

Gerð er breyting á greinargerð og sveitarfélagsuppdraetti. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Gildandi og breyttur sveitarfélagsuppdráttur í mkv. 1:50.000.
- Greinargerð þessi.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Fyrirhuguð breyting er til þess ætluð að styðja við áætlaðar framkvæmdir Landsvirkjunar á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu, þar sem reknar eru vatnsaflsvirkjanir og vindorkuver auk fyrirhugaðra framkvæmda við vindorkuvers við Vaðöldu. Með breytingunni kemur Landsvirkjun til með að hafa meira svigrúm fyrir efnistöku vegna núverandi, fyrirhugaðra og áframhaldandi reksturs og framkvæmda við t.d. Vaðöldu, Sigöldu, Sultartanga og/eða Búrfell. Markmiðið er að afla jarðefna sem uppfylla kröfur sem gerðar eru til efnis fyrir einstaka framkvæmda þætti og rekstur Landsvirkjunar, s.s. steypu í fyllingarefni með rafstrengjum. Staðsetning á fyrirhuguðu efnistöku svæði kemur til með að stytta vegalegndir vegna flutninga á jarðefni og m.a. draga þannig úr kolefnislosun.

2.1 Staðhættir

Skipulagssvæðið er staðsett í Rangárþingi ytra, skammt austan marka sveitarfélagsins við Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Um er að ræða um 11 ha svæði á Þjórsáreyrum, austan við Þjórsá og sunnan Sultartangalóns og Vaðöldu. Svæðið er á Þjóðlendu (L238022), þ.e. óbyggðu svæði í eigu íslenska ríkisins og innan nýstofnaðrar lóðar, Vaðalda vindorkuver L238022. Samhliða verður afmörkun og stærð iðnaðarlóðar leiðrétt í samræmi við nýtt efnistökusvæði og samþykkt merkjalýsingu lóðar.. Fyrirhugað efnistökusvæði er að miklu leyti raskað af eldri framkvæmdum við gerð vegar og brúar, auk virkjanaframkvæmda við Sultartangasvæðis. Svæðið er rétt norðan Þjórsárdalsvegar (32) sem er skilgreindur sem stofnvegur skv. vegaskrá Vegagerðarinnar. Skoðað verður með öruggustu aðkomu að svæðinu í samráði við Vegagerðina.

Samkvæmt vistgerðarkortlagningu NÍ er að finna vistgerðina eyðihraunavist á svæðinu. Einnig er skipulagssvæðið innan svæðis þar sem er forsögulegt hraun úr Bárðarbungu og er aðliggjandi við Vaðfit sem eru gervigígar sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Svæðið er í um 265 m hæð yfir sjávarmáli og er á gróðurlitlum áreyrum, í um 50 m fjarlægð frá Þjórsá. Efnistaka mun fara fram innan varnargarðs sem liggur meðfram ánni (sjá mynd 1).



MYND 1. Gróf afmörkun skipulagssvæðis sýnd með gulri brotalínu. Loftmynd í eigu Landsvirkjunar.

2.2 Náttúruvá

Skipulagssvæðið er á vestur jaðri þess sem kallað er Suðurlandsgosbeltið sem er jarðfræðilega virkt svæði. Þar eru möguleg áhrif af eldvikni eða hraunflæði, öskufalli og jarðskjálftum. Einnig eru möguleg áhrif af flóðum í Þjórsá.

2.3 Fornminjar

Fornleifaskráning var framkvæmd á svæðinu í tengslum við mat á umhverfisáhrifum Vindorkuvers við Vaðöldu (Búrfellslundar). Hún nær til fyrirhugaðs efnistökusvæðis sem aðalskipulagsbreytingin tekur til. Engar þekktar fornleifar eru innan svæðisins.

Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar eins fljótt og auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

3 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Við breytingu á aðalskipulagi er horft til eftirfarandi áætlana:

3.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Í Landsskipulagsstefnu er sett fram samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál sem byggir á þeirri framtíðarsýn „að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji við samkeppnishæfni og sveigjanleika og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags og umhverfisbreytingum“.

Í stefnunni eru sett fram markmið um að vernd umhverfis og náttúru skuli stuðla að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Stuðla skal að almennri velsæld samfélagsins og gæðum í hinu byggða umhverfi með jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi. Þá skal skipulag stuðla að samkeppnishæfu atvinnulífi með því að auka samkeppnishæfni samfélags og efla atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

3.2 Orkustefna til ársins 2025

Orkustefna til ársins 2050 er langtímaorkustefna stjórnvalda þar sem sett er fram framtíðarsýn og leiðarljós í orkumálum á Íslandi. Tilgreind eru fimm meginstoðir orkustefnunnar: orkuöryggi, orkuskipti, orkunýting og sparnaður, samfélag og efnahagur og umhverfi.

Um orkuöryggi segir m.a. að „Orkuöryggi miðast við að tryggja nægilegt og öflugt framboð á orkugjöfum, rafmagni, heitu vatni og jarðefnaeldsneyti fyrir heimili, grunnþjónustu og atvinnulíf, sem og að vernda innviði orkuviðnaðarins fyrir truflunum vegna náttúruvár, skemmdarverka eða af öðrum orsökum“.

Orkustefna undirstrikar mikilvægi þess að sáttt ríki um vernd náttúru og nýtingu orkuauðlinda og að öll umhverfisáhrif eru lágmarkuð eins og kostur er. Efni úr náminu kemur til með að vera nýtt fyrir starfsemi og rekstur Landsvirkjunar sem miðar að endurbótum og eflingu raforkukerfi landsins.

3.3 Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028

Skipulagssvæðið er á skilgreindu óbyggðu svæði og í jaðri l25 iðnaðarsvæðis, en einnig í nálægð við Skógræktar- og landgræðslusvæði SL26 og Hverfisvernd HV13.

Í kafla 2.4.1 Óbyggð svæði segir að óbyggð svæði, skv. 6.2 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, eru „svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og

fjarskiptum“. Hálendisvæði sveitarfélagsins eru að miklu leyti skilgreind sem óbyggð svæði, auk svæða í ofanverðri byggðinni, s.s. eyðibýggðir í ofanverðri Landsveit og á Rangárvöllum. Eftirfarandi stefna er um óbyggð svæði:

- Stuðlað verði að verndun og endurheimt gróðurfars.
- Landeigendum verðu áfram tryggður nytja- og beitarréttur á afréttum.
- Bæta öryggi íbúa og ferðamanna.
- Umferð um hálendisvæði verði undir þölmörkum viðkvæmra svæða.

Í kafla 2.3.7 **Íðnaðarsvæði** er eftirfarandi stefna:

- Skapa ákjósanleg skilyrði fyrir nýja atvinnustarfsemi, s.s. framleiðslu- og matvælaíðnað samhliða því að styrkja þá starfsemi sem fyrir er.
- Unnið verði að umbótum í sorphirðumálum, m.a. með meiri flokkun sorps, endurvinnslu og endurnýtingu. Samvinna verði áfram við nágrannasveitarfélög í sorpmálum.
- Umfang og staðsetning starfsemi sem getur haft mengun í för með sér verður vandlega ígrunduð m.t.t. áhrifa á byggð og náttúru.
- Unnið verður að uppbyggingu iðnaðarsvæða til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu.
- Rannsóknir á jarðhita og annarri orkunýtingu verði eflar.
- Heimiluð er bygging vindrafstöðva allt að 100 m hárra, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

ÍÐNAÐARSVÆÐI

NR	HEITI	LÝSING	JARÐIR
125	Búrfellslundur	Vindorkuver, vinnsla allt að 120 MW, að hámarki 30 vindmyllur. Hámarks turnhæð getur verið allt að 95 m og hámarkshæð vindmyllu með spaða í hæstu stöðu getur verið allt að 150 m. Við hönnun og útfærslu skal leitast við að hafa vegi og plön ekki umfangsmeiri en nauðsyn krefur og liggi sem mest á gróðurlitlum svæðum. Nýta skal svarðlag í frágang þar sem raska þarf gróðri. Efni til vega- og mannvirkjagerðar verður tekið úr skilgreindum namusvæðum í nágrenninu sem eru á aðalskipulagi. Einnig verður efni úr uppgreiftri innan iðnaðarsvæðis nýtt. Innan svæðis er heimilt að setja upp steypustöð, geymslusvæði, starfsmannaaðstöðu og aðstöðu verktaka vegna uppsetningar og síðar viðhalds og niðurrifs vindmylla. Fjarlægð vindmylla frá loftlinum skal vera að lágmarki samanlögð hæð turns og þvermála spaða. Fjarlægðin er því breytileg eftir vindmyllum en gert ráð fyrir að hún verði að lágmarki 200 m. Fjarlægð vindmylla frá vegum skal vera að lágmarki 150 m. Áfram er heimiluð landgræðsla á svæðinu, þar með talið lágreistur birkigróður. Heimilt er að setja upp áningarstað ásamt aðstöðu fyrir ferðafólk til dagdvalar þar sem tekið er tillit til rekstraröryggis vindorkuversins. Heimilt er að gera göngu-, hjóla og reiðleiðir um svæðið. Innan svæðisins er yfirfall Sultartangalóns, stíflur og leiðigardar Sultartangalóns. Skipulag svæðisins, meðferð úrgangs sem fellur til vegna viðhalds og endurnýjunar á rekstrartíma skal útfært nánar í deiliskipulagi. Það skal einnig setja skipulagsákvæði varðandi niðurrif og förgun mannvirkja eftir því sem við á. Stærð svæðis er um 19 km², 1.900 ha.	Landmanna afréttur - þjóðlenda

Í kafla 2.3.1 **Skógræktar- og landgræðslusvæði** er eftirfarandi stefna:

- Leitast verði við að efla skógrækt, uppgræðslu- og landbótastarf.
- Unnið verði að stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og endurheimt landgæða, þar sem þess þarf.

- Hugað skal að því að trjá- og skógrækt spilli ekki útsýnisstöðum, byrgi ekki ásýnd fjalla og fossa eða valdi snjósöfnun á vegum.
- Skipulag skógræktar taki mið af að vernda ásýnd og landslag.
- Unnið verði að stöðvun landbrots af völdum fallvatna ef þurfa þykir.

Skógrækt og landgræðsla verði nýtt til bindingar kolefnis. Skógrækt er viðurkennd aðferð til bindingar kolefnis í jarðvegi. Auk þess veitir skógrækt skjól gegn gróður- og jarðvegseyðingu. Mikilvægt er að skógrækt falli vel að landslagi og ekki verði plantað skógi fyrir góða útsýnisstaði.

Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna hverfisverndar, svæða á náttúruminjaskrá og fornminja. Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

SKÓGRÆKTAR OG LANDGRÆÐSLUSVÆÐI

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING
SL26	Árskógar	Landgræðslusvæði, stærð svæðis er um 20.763 ha.

Í kafla 2.3.9 Efnistöku- og efnislosunarsvæði í gildandi aðalskipulagi er eftirfarandi stefna:

- Lögð er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis.
- Efnistaka fer að jafnaði ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, þ.e.a.s. friðlýstum svæðum eða svæðum á náttúruminjaskrá og hverfisverndarsvæðum.
- Efnistökusvæði skulu hafa framkvæmdarleyfi skv. lögum.
- Áhersla er á góða umgengni á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok.

Gerð er grein fyrir þeim svæðum þar sem efnistaka fer fram eða er fyrirhuguð. Áfram er gert ráð fyrir efnistöku á þeim svæðum sem þegar eru nýtt en einnig á nokkrum nýjum svæðum. Gert er ráð fyrir ríflegum svæðum fyrir efnistöku til þess að hægt sé að nýta þá tegund efnis sem best hentar hverju sinni og til að draga úr því að aka þurfi langar leiðir með efni. Flestar námur í sveitarfélaginu eru nýttar til vegagerðar og eru þær í eða við núverandi vegstæði til að lágmarka umhverfisáhrif.


Námur verða einungis opnar á framkvæmdatíma og gengið frá þeim um leið og efnistöku lýkur. Öll efnistökusvæði skulu hafa framkvæmdarleyfi sbr. reglugerð 772/2012. Þegar efnistökusvæði er valið þarf að líta á jarðefni sem auðlind og nýta efnið til þess sem það er best til fallið.

Í kafla 2.7.4 Hverfisvernd eru eftirfarandi ákvæði:

- Hefðbundnar nytjar, svo sem beit og veiðar geta haldist eins og verið hefur. Sveitarstjórn getur þó sett reglur um takmörkun og beitarstýringu á svæðinu.
- Halda skal byggingarframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.
- Vanda skal til allra framkvæmda sem heimilaðar verða, ganga frá byggingum og umhverfi svo fljótt sem verða má og tryggja góðan frágang fráveitu.

HVERFISVERNDARSVÆÐI

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	JÖRD/JARÐIR
HV13	Rangárvalla- og Landmannaafréttir	Afréttarsvæðin sunnan Tungnaár. Stór samfelld svæði gosminja, viðlend hraunasvæði og eldstöðvar, þ.á.m. Hekla og Torfajökull. Ekki verður hróflað við minjum á svæðinu, s.s. gömlum vörðum eða skálum án samráðs við Minjastofnun.	Afréttur



MYND 2. Hluti Aðalskipulags Rangárbings ytra 2016-2028. Skipulagssvæðið er innan bláa hringins.

3.4 Vatnaáætlun 2022-2027

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 en markmið þeirra er að vernda allt vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til að vatn njóti heildstæðar verndar. Að auki er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtíma verndar vatnsauðlindarinnar.

Við skipulagsgerð skal gera grein fyrir mögulegum áhrifum á vatnshlot sem tiltekin framkvæmd og/eða starfsemi getur haft í för með sér. Skýrt þarf að koma fram hvort ástand vatns hnigni eða umhverfismarkmiðum vatnshlotsins sé ekki náð. Sveitarfélagið sem leyfisveitandi getur óskað eftir áhrifamati vatnshlots af hálfu framkvæmdar- og rekstraraðila sé þess talin þörf. Ekki er gefið út leyfi fyrir framkvæmd/starfsemi sem leiðir til þess að umhverfismarkmið vatnshlotsins náist ekki. Gerð verður grein fyrir áhrifum á vatnshlot í samræmi við leiðbeiningar frá Umhverfisstofnun (umhverfis- og orkustofnun)¹.

¹ <https://ust.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/ahrifamat-fyrir-vatnshlot/>

Skipulagssvæðið er innan grunnvatnshlotsins Tungnaárhraun 103-308-G og í nálægð við straumvatn Þjórsá 2 103-777-R. Umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins er að tryggja góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand en núverandi staða vatnshlots er óþekkt.

Núverandi ástand grunnvatnshlotanna Tungnaárhrauns og Þjórsá 2 eru óþekkt.

3.5 Þjóðlenda

Stór hluti hálendis Rangárþings ytra er þjóðlenda. Þjóðlendur eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna. Ráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna er samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna. Samkvæmt 3. gr. laganna má enginn hafa afnot af þjóðlendu fyrir sjálfa sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi án leyfis. Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar sem og forsætisráðuneytisins sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs.

Einstaklingar, sveitarfélög eða aðrir lögaðilar geta átt svokölluð takmörkuð eignarréttindi innan þjóðlendna. Þjóðlendulög raska ekki slíkum réttindum. Samkvæmt 5. gr. laganna skulu þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendna sem afrétt fyrir búfenað, eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja, halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Afréttur er skv. 1. gr. laganna landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumararbeitar fyrir búfé. Hið sama gildir um önnur réttindi sem menn færa sönnur á að þeir eigi.

Ráðuneytið veitir leyfi fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda og vindorku innan þjóðlenda. Samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlenda óháð tímalengd. Allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins og samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlendna skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998.

3.6 Fornminjar

Aðalskráningu fornleifa í Rangárþingi ytra er lokið. Fornleifaskráning var gerð á svæðinu í tengslum við mat á umhverfisáhrifum Vindorkuvers við Vaðöldu (Búrfellslundar). Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðis.

Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar eins fljótt og auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar er 15 m skv. 22. gr. laganna.

4 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Gerð verður breyting á sveitarfélagsupprætti og greinargerð gildandi aðalskipulags.

4.1 Breyting á uppdrætti

Gert er ráð fyrir nýju 11 ha efnistökusvæði. Iðnaðarsvæði I25 minnkar samhliða nýju efnistökusvæði, sem verður að stórum hluta innan þess. Þá verður heimilaði vinnuvegir innan iðnaðarsvæðisins frá efnistökusvæði inn framkvæmdasvæði til að draga úr efnisflutningum um Þjórsárdalsveg. Heiti iðnaðarsvæðis verður breytt, nefnt Vaðölduver í stað Búrfellslundar og afmörkun þess og stærð löguð að þegar stofnaðri iðnaðarlóð.

4.2 Breyting á greinargerð

Breytt er texta fyrir I25 í kafla 2.3.7 í gildandi greinargerð.

TAFLA 1. Texti í gildandi greinargerð um iðnaðarsvæði

IÐNAÐARSVÆÐI			
NR	HEITI	LÝSING	JARÐIR
I25	Búrfellslundur	Vindorkuver, vinnsla allt að 120 MW, að hámarki 30 vindmyllur. Hámarks turnhæð getur verið allt að 95 m og hámarkshæð vindmyllu með spaða í hæstu stöðu getur verið allt að 150 m. Við hönnun og útfærslu skal leitast við að hafa vegi og plön ekki umfangsmeiri en nauðsyn krefur og liggi sem mest á gróðurlitlum svæðum. Nýta skal svarðlag í frágang þar sem raska þarf gróðri. Efni til vega- og mannvirkjagerðar verður tekið úr skilgreindum námusvæðum í nágrenninu sem eru á aðalskipulagi. Einnig verður efni úr uppgreftri innan iðnaðarsvæðis nýtt. Innan svæðis er heimilt að setja upp steypustöð, geymslusvæði, starfsmannaaðstöðu og aðstöðu verktaka vegna uppsetningar og síðar viðhalds og niðurrifs vindmylla. Fjarlægð vindmylla frá loftlínunum skal vera að lágmarki samanlögð hæð turns og þvermála spaða. Fjarlægðin er því breytileg eftir vindmyllum en gert ráð fyrir að hún verði að lágmarki 200 m. Fjarlægð vindmylla frá vegum skal vera að lágmarki 150 m. Áfram er heimiluð landgræðsla á svæðinu, þar með talið lágreistur birkigróður. Heimilt er að setja upp áningarstað ásamt aðstöðu fyrir ferðafólk til dagdvalar þar sem tekið er tillit til rekstraröryggis vindorkuversins. Heimilt er að gera göngu-, hjóla og reiðleiðir um svæðið. Innan svæðisins er yfirfall Sultartangalóns, stíflur og leiðigarðar Sultartangalóns. Skipulag svæðisins, meðferð úrgangs sem fellur til vegna viðhalds og endurnýjunar á rekstartíma skal útfært nánar í deiliskipulagi. Það skal einnig setja skipulagsákvæði varðandi niðurrif og förgun mannvirkja eftir því sem við á. Stærð svæðis er um 19 km ² , 1.900 ha.	Landmanna afréttur - þjóðlenda

TAFLA 2. Texti í breyttri greinargerð um iðnaðarsvæði

IÐNAÐARSVÆÐI			
NR	HEITI	LÝSING	JARÐIR
I25	Vaðölduver	Vindorkuver, vinnsla allt að 120 MW, að hámarki 30 vindmyllur. Hámarks turnhæð getur verið allt að 95 m og hámarkshæð vindmyllu með spaða í hæstu stöðu getur verið allt að 150 m. Við hönnun og útfærslu skal leitast við að hafa vegi og plön ekki umfangsmeiri en nauðsyn krefur og liggi sem mest á gróðurlitlum svæðum en æskilegt að gera tímabundna vinnuvegi ef það dregur t.d. úr efnisflutningum um Þjórsárdalsveg(Sprengisandsleið. Nýta skal svarðlag í frágang þar sem raska þarf gróðri. Efni til vega- og mannvirkjagerðar verður tekið úr skilgreindum námusvæðum í nágrenninu sem eru á aðalskipulagi. Einnig verður efni úr uppgreftri innan iðnaðarsvæðis nýtt. Innan svæðis er heimilt að setja upp steypustöð, geymslusvæði, starfsmannaaðstöðu og aðstöðu verktaka vegna uppsetningar og síðar viðhalds og niðurrifs vindmylla. Fjarlægð vindmylla frá loftlínunum skal vera að lágmarki samanlögð hæð turns og þvermála spaða. Fjarlægðin er því breytileg eftir vindmyllum en gert ráð fyrir að hún verði að lágmarki 200 m. Fjarlægð vindmylla frá vegum skal vera að lágmarki 150 m. Áfram	Landmanna afréttur - þjóðlenda

ÞDNAÐARSVÆÐI

		er heimiluð landgræðsla á svæðinu, þar með talið lágreistur birkigróður. Heimilt er að setja upp aningarstað ásamt aðstöðu fyrir ferðafólk til dagdvalar þar sem tekið er tillit til rekstraröryggis vindorkuversins. Heimilt er að gera göngu-, hjóla og reiðleiðir um svæðið. Innan svæðisins er yfirfall Sultartangalóns, stíflur og leiðigarðar Sultartangalóns. Skipulag svæðisins, meðferð úrgangs sem fellur til vegna viðhalds og endurnýjunar á rekstrartíma skal útfært nánar í deiliskipulagi. Það skal einnig setja skipulagsákvæði varðandi niðurrif og förgun mannvirkja eftir því sem við á. Stærð svæðis er 1.782,6 ha.	
--	--	---	--

Bætt er við nýju efnistökusvæði í kafla 2.3.9 í gildandi greinargerð.

TAFLA 3. Texti í breyttri greinargerð um efnistökusvæði

EFNISTÖKUSVÆÐI

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	JÖRD
E125	Vaðfitjanáma	Sand- og malarefni, m.a. til steypugerðar og með jarðstrengjum. Stærð 11,2 ha. Áætluð efnistaka allt að 80.000 m ³ . Heimilt er að nýta námu áfram að framkvæmdum loknum. Við lok vinnslu og eftir atvikum milli þess sem vinnsla fer fram, skulu röskuð svæði jöfnuð út og mótuð sem best að aðliggjandi landi.	Landmanna afréttur - þjóðlenda

5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Með breytingunni er mörkuð stefna um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umhverfisáhrif.

Framkvæmdin fellur undir lið 2.02 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 þar sem kveðið er á að ef um efnismagn er 50.000 m³ eða meira sé það í flokki B sem nær yfir framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háð skuli umhverfismati. Unnið er að fyrirspurn um matsskyldu til Skipulagsstofnunar.

5.1 Tengsl við aðrar áætlanir

Í umhverfismatsskýrslu er gerð grein fyrir tengslum og samræmi við aðrar áætlanir og stefnur sem taka þarf tillit til eða geta haft áhrif á breytinguna.

5.2 Umhverfispættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu með aðalskipulagsbreytingunni verða skoðuð áhrif á umhverfispætti og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir mögulegar meginspurningar í umhverfismatsskýrslu er að finna í töflu hér fyrir neðan. Viðmið fyrir hvern umhverfispátt eru sett með tilliti til laga og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins auk viðmiða í opinberum stefnuskjöllum og/eða alþjóðlegum skuldbindingum.

Í umhverfismatsskýrslu áætlunar eru áhrif af skipulagsáformum metin. Hafa þarf í huga nákvæmni áætlunar og stöðu hennar á skipulagsstigi. Við breytingu aðalskipulags er óvíst að hægt sé að meta öll umhverfisáhrif með fullnægjandi hætti vegna skorts á fyrirbyggjandi gögnum og/eða upplýsingum. Í slíkum tilfellum er nánar gert grein fyrir ákveðnum umhverfispáttum á síðari stigum skipulagsvinnu, s.s. við gerð deiliskipulags eða umsókn um framkvæmdar- og/eða starfsleyfi.

TAFLA 4. Umhverfispáttir, viðmið og matsspurningar.

UMHVERFISPÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Land og landslag <i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i> <i>Landnotkun.</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Skipulag stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið. - Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð viðerni og landslagsheildir. <i>Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028.</i> - Stuðla að fjölbreyttari landnýtingu í samræmi við landgæði og ástand lands. - Tryggja nægt framboð efnistökusvæða og þau séu í námund við notkunarstað efnis. - Áhersla á góða umgengi á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok. - Leitast verður við að viðhalda litt snortnu yfirbragði hálendisins. <i>5. gr. Jarðalaga nr. 81/2004.</i>	Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis? Hefur stefnan áhrif á landslagsheildir? Hefur stefnan áhrif á landnotkun?
Loftslagsmál <i>Kolefnisbinding.</i> <i>Kolefnishlutleysi.</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Skipulag feli í sér stefnu um bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi. - Skipulag stuðli að orkuskiptum og að orkuauðlindir verði nýttar með sjálfbærum hætti, með það að leiðarljósi að draga úr losun og tryggja orkuöryggi. <i>Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum.</i>	Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið?
Náttúrufar <i>Gróður.</i> <i>Vistkerfi.</i> <i>Jarðvegur.</i> <i>Búsvæði dýra.</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Stuðla skal að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu viðerna landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. <i>Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028.</i> - Stuðla að gróðurvernd og landgræðslu. - Unnið verður að stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og endurheimt landgæða. - Raskist gróið land vegna framkvæmda skal að lágmarki ígildi þess gróðurs sem tapast grætt upp. <i>Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.</i> <i>Vistgerðarkortlagning NÍ.</i> - VOT-S-3 mikilvægt fuglasvæði.	Hefur stefnan áhrif á gróður, jarðveg og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra?
Heilnæmt umhverfi <i>Mengun og hávaði.</i> <i>Vatnsvernd.</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi í dreifbýli tryggt með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. <i>Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028.</i> - Standa vörð um vernd grunnvatns sem neysluvatns fyrir íbúa og atvinnustarfsemi. - Landgræðsla verði nýtt til bindingar kolefnis. - Í námum innan friðlands, náttúruinjasrá, vatnsverndarsvæðum eða öðrum verndarsvæðum er óheimilt að geyma oliur eða önnur mengandi efni.	Er hætta á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins? Hefur stefnan áhrif á vatnshlot?

	<i>Vatnaáætlun Íslands 2020-2037.</i> • Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. <i>Reglugerð um hávaða 724/2008.</i> <i>Reglugerð um fráveitur og skölp nr. 798/1999.</i> <i>Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.</i>	
Samfélag Atvinnulíf. Íbúar. Hagræn áhrif.	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> • Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands. <i>Aðalskipulag Rangárbíngs ytra 2016-2028.</i> • Efla byggð og atvinnulíf og stuðla að fjölbreyttum atvinnutækifærum.	Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri? Hefur stefnan áhrif á íbúa og íbúaþróun? Hefur stefnan áhrif á framboð frístundabygginga?
Náttúru- og menningarminjar Fornminjar.	<i>Aðalskipulag Rangárbíngs ytra 2016-2028.</i> • Stuðla að varðveislu sögu, náttúru og menningarminja og annarra umhverfislegra gæða. • Landnotkun stuðli að varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu. <i>Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.</i> <i>Lög um menningarminjar nr. 80/2012.</i> <i>Aðalskráning fornminja.</i>	Hefur stefnan áhrif á fornminjar?

5.3 Valkostir

Gildandi aðalskipulag (núll kostur) verður borið saman við tillögu um breytt aðalskipulag, þ.e. náma með malar- og sandefni sem m.a. dregur úr flutningi þeirra efna lengra að.

5.4 Mat á umhverfisáhrifum

BREYTT SKIPULAG:

Áhrif á landnotkun og landslag er neikvæð/óveruleg. Áhrif framkvæmdar á svæðinu eru neikvæð meðan á vinnslu stendur. Sé gengið vel frá svæðinu að lokinni vinnslu og svæðið fært aftur í fyrra horf eins og kostur er, mun framkvæmdin hafa óveruleg áhrif á ásýnd. Svæðið er á skilgreindri eyðihraunavist og því rýrt.

Áhrif á loftlagsmál er óveruleg. Öll efnisvinnsla og framkvæmdir auka umferð og aðra vélnotkun, sem þar með eykur t.d. útblástur mengandi efna. Umrædd breyting mun þó hafa jákvæð áhrif þar sem efnisflutningar munu styttest verulega, við byggingu Vaðölduvers. Ef að reynt er að fara eftir orkustefnu og viðeigandi reglugerðum þar sem öll umhverfisáhrif eru lágmörkuð eins og kostur er, er líklegt að um óveruleg áhrif sé að ræða.

Áhrif á náttúrufar er neikvæð/óviss. Áhrif á búsvæði dýra eru neikvæð þar sem framkvæmdin mun líklega fæla fugla í burtu. Áhrif á gróður eru óviss, þar sem svæðið er þegar raskað og því óljóst hversu vel hægt verður að endurheimta gróðurinn eftir að framkvæmdum og frágangi lýkur.

Áhrif á heilnæmt umhverfi er óveruleg. Líklegt er að áhrif á hávaða eru töluverð en sé gætt að öryggi starfsmanna, þ.e. varðandi hljóðvist og almennt öryggi á svæðinu er ólíklegt að það hafi mikil áhrif.

Áhrif á samfélag er jákvæð. Framkvæmdin hefur jákvæð áhrif á samfélagið þar sem efni úr náminu kemur til með að vera nýtt fyrir starfsemi og rekstur Landsvirkjunar sem miðar að endurbótum og eflingu raforkukerfi landsins, sem skilar aukinni raforku til samfélagsins.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar er óveruleg. Engar þekktar minjar eru innan svæðisins.

GILDANDI SKIPULAG:

Áhrif á landnotkun, landslag, loftlagsmál og náttúrufar er jákvæð/óveruleg. Svæðið heldur sér eins og það er, enda voru engar framkvæmdir fyrirhugaðar á þessum hluta iðnaðarsvæðis.

Áhrif á heilnæmt umhverfi og samfélag er óveruleg. Engin breyting. Svæðið heldur sér eins og það er.

Áhrif á náttúru- og náttúruminjar er óveruleg. Engin breyting. Engar þekktar minjar eru innan svæðisins.

5.4.1 Niðurstaða

Sveitarfélagið styður breytinguna m.a. þar sem víða eru allnokkrar fjarlægðir í góð efnistökusvæði og æskilegt er að draga úr áætluðum flutningum eftir Þjórsárdalsvegi/Sprengisandsleið. Hentug efnistökusvæði fyrir áætlaðar framkvæmdir við Vaðöldu, sérstaklega varðandi steypumöl eru í allnokkurri fjarlægð og því æskilegt ef hægt er að nýta efni innan iðnaðarsvæðis. Einnig hentar staðsetningin vel þar sem hún er í nálægð við nokkrar núverandi virkjanir, sem sparar akstur og flutnings á efni við viðhald þeirra. Raska skal landi sem minnst, þar með talið hraunum utan skilgreinds efnistökusvæðis en þó æskilegt nýta slóða/vinnuvegi innan Vaðöldusvæðis til efnisflutninga í stað þess að aka með efnið um Þjórsárdalsvegi/Sprengisandsleið að uppbyggingarsvæðinu.

Framkvæmdin hefur jákvæð áhrif á samfélagið með því að stuðla að uppbyggingu umhverfisvænnar orkuvinnslu.

6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Skipulagslýsing var kynnt í apríl 2025. Umsagnir bárust frá Landsneti, Vegagerðinni, Brunavörnum Rangárvallasýslu, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Minjastofnun Íslands.

6.1 Umsagnaraðilar

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum, einnig frá MÍ, þótt MÍ telji ekki líkur á minjum:

- Náttúruverndarstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerðin
- Fiskistofa
- Hafrannsóknastofnun
- Forsætisráðuneytið
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þar á meðal innan stjórnsýslu sveitarfélagsins.

6.2 Skipulagsferli


Skipulagslýsing var kynnt vorið 2025, og stefnt að auglýsa aðalskipulagsbreytingu sumarið 2025 og svo staðfesting haust/vetur 2025.

6.3 Breyting að lokinni auglýsingu

Hnykkst var á að náma verður nýtt áfram, að framkvæmdum loknum og að gengið verði vel frá röskuðum svæðum.

Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028


Breyting aðalskipulags - Vaðfitjanáma



Skýringar

- Iðnaðarsvæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Óbyggð svæði
- Hverfisvernd
- Stofnvegur/stofnbraut
- Gönguleið
- Reiðleið
- Rafveita, loftlína
- Sveitarfélagmörk
- Stíflur
- Miðlunarlón
- Svæði sem breytingin nær til

GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRAÐTÚR



Breyting - aðalskipulags
Vaðfitjanáma

Verk: 112215
Unnið: SM

Bláðstærð: A4
Rýnt:

Mælikvarði: 1:100.000

Dags: 02.05.2025

BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRAÐTÚR